

Foldaver

Sérdeild fyrir nemendur með einhverfu

Markmið deildarinnar er að sinna einstaklingsmiðaðri kennslu og styðja við nám nemenda í almennu skólastarfi. Í dag stunda 9 nemendur nám í deildinni. Deildin er ein sex sérdeilda fyrir börn með einhverfu í grunnskólum í Reykjavík en hinar fimm eru í Fellaskóla, Hamraskóla, Háaleitisskóla, Langholtsskóla og Vogaskóla. Deildin starfar samkvæmt deildarnámsskrá og er hluti af skólanámsskrá skólans.

Sækja þarf formlega um inngöngu í deildina. Með umsókninni þarf að fylgja staðfest greining á að barnið sé með röskun á einhverfurófinu. Sérstakt inntökuteymi fjallar síðan um umsóknina og tekur ákvörðun um inntöku. **Umsóknarfrestur er til 1.mars.** Umsóknir skilist til skóla- og frístundasviðs, Borgartúni 12-14 eða til viðkomandi skóla.

Samkvæmt reglugerð um nemendur með sérþarfir í grunnskóla frá því í júní 2010 er markmiðið m.a. að nemendur fái jöfn tækifæri á eigin forsendum til náms og virkrar þátttöku í grunnskólum án aðgreiningar og fái fjölbreytt nám við hæfi í hvetjandi námsumhverfi. Allir nemendur sérdeildarinnar eru skráðir í almenna bekki og er stefnt að því að nemendur deildarinnar taki eins mikinn þátt í almennu skólastarfi og kostur er.

Grundvöllur alls starfs í sérdeildinni byggist á hugmyndafræði TEACCH (*Treatment and education of autistic and related communication handicapped children*). Meginhugmyndafræði TEACCH er að leggja áherslu á sérþarfir og menningu fólks með einhverfu og leitast við að skipuleggja og aðlaga umhverfið til að auðvelda fólki með einhverfu að lifa og starfa í heimi þeirra sem eru ekki með einhverfu. Í TEACCH er gengið út frá því að flest börn með einhverfu skilji betur það sem þau sjá en það sem þau heyra. Þar er m.a. lögð áhersla á skipulagða kennslu og kennslumhverfi, fyrirsjáanleika og yfirsýn yfir væntingar með hjálp sjónræns stuðnings, sem hentar hverjum og einum.

Allir nemendur deildarinnar hafa einstaklingsnámsskrá sem unnin er af kennurum í samráði við foreldra þeirra. Haft er til hliðsjónar almenn námsskrá þess aldurshóps sem nemandinn tilheyrir en auk þess er horft á getu, óskir og þarfir nemandans svo og óskir foreldra.

Í einstaklingsnámsskrá koma fram bakgrunnsupplýsingar um viðkomandi nemanda, staða í námi, markmið, leiðir til að ná áætluðu markmiði, upplýsingar um skipulag kennslu í kringum nemandann og námsmat.

Þegar um er að ræða barn með sérþarfir er gott samstarf og upplýsingamiðlun á milli heimilis og skóla algjör forsenda þess að vel takist til með nám barnsins. Einnig er mjög mikilvægt að kennarar og annað fagfólk beri saman bækur sínar og starfi saman. Reglulegir teymisfundir eru mikilvægir þar sem upplýsingum er miðlað og byggð upp samvinna milli heimilis og ólíkra fagaðila. Aðeins þannig næst markviss árangur í starfi.